Markaðspunktar í dag:


- Verðbólgan flýgur af stað: 0,5% hækkun í júní - fluginu að kenna

Verðbólgan flýgur af stað: 0,5% hækkun í júní - fluginu að kenna

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,53% milli mánaða í júní og mælist ársverðbólgan 3,3%. Greiningardeild hafði gert ráð fyrir 0,3% hækkun og því er niðurstaðan nokkuð yfir okkar spám en einnig annarra greiningaraðila, spár lágu á bilinu 0,3-0,4%. Helsta frávik frá okkar spá má rekja til flugliðarins en einnig reyndust áhrif húsnæðisliðar sterkari en við höfðum ráðgert. Greina má töluverð gengisáhrif í verðmælingunni en krónan hefur veikst á undanförnum vikum. Að því gefnu að krónan haldist óbreytt eða styrkist ekki eigum við líklega eftir að sjá frekari áhrif á næstu mánuðum vegna veikingarinnar að undanförnu.

Við spáum því að verðlag lækki í júlí um 0,6% en í næsta mánuði koma útsöluáhrif fram af fullum þunga. Næstu mánuði þar á eftir ganga hins vegar útsöluáhrif tilbaka og gerum við ráð fyrir 0,5% hækkun í ágúst og 0,7% hækkun í september. Gangi bráðabirgðaspá okkar eftir verður ársverðbólgan komin í ríflega 4% í september.

Snýr Seðlabankinn sér á söluhliðina á nýjan leik?
Í yfirlýsingu peningastefnunefndar 15.maí sl. var tiltekið að gengi krónunnar væri nálægt því sem að óbreyttu mætti ætla að dugði til að ná verðbólgumarkmiði á næstu misserum. Frá þeim tíma hefur krónan veikst um 1,7% gagnvart evru. Nú þegar ferðamannatímabilið er hafið og metfjöldi ferðamanna sækir landið heim þá er krónan að veikjast en ekki að styrkjast. Eflaust eru margar skýringar á þróuninni en eins og við höfum áður bent á þá teljum við þó að líklegasta skýringin sé sú að viðskiptabankarnir þrír (einkum þá Landsbankinn) séu að nýta sér það svigrúm sem þeir hafa í gjaldeyrisjöfnuði sínum þegar þeir sjá innstreymi koma til þeirra. Í maí runnu a.m.k. 4,6 ma.kr. til erlendra aðila í formi vaxtagreiðslna og hugsanlegt að eitthvert útflæði hafi verið vegna þessa á undanförnum vikum. Þróunin framan af sumri er því ekki eins og Seðlabankinn hafði vonað, en vonir stóðu til að samhliða sumarstyrkingu krónunnar þá myndi svigrúm skapast til að endurheimta þann gjaldeyri sem nýttur var framan af ári til að styðja við gengi krónunnar. Ef fram fer sem horfir og krónan heldur áfram að veikjast þá getum við ekki annað séð en að Seðlabankinn sé allt eins líklegur til að snúa sér á söluhliðina á nýjan leik (selja gjaldeyri til að styðja við gengi krónunnar).



Heimild: Seðlabankinn


Helstu þættir í júnímælingunni:

Flugfargjöld hækka. Eins og svo oft áður þá er flugliðurinn sá liður sem skýrir mestu frávikin frá okkar spá. Liðurinn er afar sveiflukenndur og nánast ómögulegt að spá fyrir um í hvora áttina liðurinn er að hreyfast milli mánaða. *Heildaráhrif: +0,17%.*

Húsnæðisliðurinn hækkar. Áhrif húsnæðisliðar voru heldur sterkari en við höfðum gert ráð fyrir. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,3% í maí en litlar hækkanir hafa mælst framan af ári. Á fyrstu 5 mánuðum ársins hefur húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 1,9%. Að þessu sinni er fasteignaverð úti á landi að lækka í verði og því höfuðborgarsvæðið sem heldur uppi hækkunum á húsnæðisliðnum. *Heildaráhrif: +0,11%.*

Eldsneytisverð hækkar. Eins og við var að búast hækkaði eldsneytisverð milli mælinga og voru áhrifin þau sömu og við höfðum gert ráð fyrir. Frá síðustu verðmælingu Hagstofunnar hefur bensínverð hækkað um 0,4% og díselolía um 1,2%, áhrif sem koma nú þegar fram í næstu verðmælingu (júlí) eru því 0,03%. *Heildaráhrif: +0,10%*

Önnur áhrif. Vegna veikingar krónunnar á undanförnum vikum þá greinum við nokkur gengisáhrif í verðmælingum Hagstofunnar. Innfluttar vörur hækkuðu um 0,6% milli mælinga í júní og áhrifin á verðbólguna því 0,21% í heild sinni. Við greinum gengisáhrif á liðum eins og mat- og drykkjarvörum, nýjum bifreiðum og fatnaði og skóm. *Heildaráhrif: +0,15%*




Heimild: Hagstofan og greiningardeild

Bráðabirgðaspá næstu mánuði

Spá okkar til næstu mánaða gerir ráð fyrir að gengi krónunnar haldist óbreytt sem og eldsneytisverð frá deginum í dag. Við teljum óvissuna fremur í átt til hærri verðbólgu heldur en lægri, það helgast einkum af óvissu um gengi krónunnar. Ef hún veikist umfram gengið í dag sjáum við líklega sterkari gengisáhrif til hækkunar verðlags í næstu mælingum Hagstofunnar. Þá erum við að gera ráð fyrir hóflegum áhrifum húsnæðisliðar (eða 0,05% til hækkunar í hverjum mánuði) en í síðustu þremur verðmælingum Hagstofunnar eru áhrifin að meðaltali 0,11%. Við teljum að ársverðbólgan hækki á næstu mánuðum og verði í september komin í ríflega 4%.

- **Júlí: -0,6%.** Útsölur hefjast jafnan í þessum mánuði. Ársverðbólgan hækkar.
- **Ágúst: +0,5%.** Útsölur ganga að hluta til baka. Ársverðbólgan hækkar.
- **September: +0,7%**. Útsölur ganga að öllu leyti til baka. Ársverðbólgan hækkar.



Heimild: Hagstofan og greiningardeild

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Brynjar Ólafsson	brynjar.olafsson@arionbanki.is	444-6262
Elvar Ingi Möller	elvar.moller@arionbanki.is	444-6981
Erna Sverrisdóttir	erna.sverrisdottir@arionbanki.is	444-6991
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar Markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og ekki skal líta á efnið sem ráðgjöf um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerninga sem umfjöllunin kann að varða, beint eða óbeint. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum Markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt. Einnig skal bent á að árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is